

Gúmmíbátar & Gallar sf.
Smiðjuvegi 8
200 Kópavogi

Reykjavík, 7. maí 2021
UST202102-040/B.B.B.
07.16.02

Efnagreiningar á AKU Care Cream - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 3. febrúar 2021 þar sem eftirlit með vörum sem innihalda tiltekin PFAS efni og ætlaðar eru til að hrinda vatni og óhreinindum frá útivistarvörum var kynnt og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Í eftirlitinu var skimað fyrir 22 PFAS efnum í vörunni AKU Care Cream sem valin var af handahófi og rannsakað hvort magn PFOS og PFOA væri innan leyfilegra marka (undir 0,001% af heildarþyngd fyrir PFOS og undir 0,0000025% af heildarþyngd fyrir PFOA), sbr. reglugerð (ESB) nr. 2019/1021 um þrávirk lífræn efni. Öll efnin sem skimað var fyrir reyndust vera undir magngreiningarmörkum og mörkin innan leyfilegs magns í vörunni fyrir bæði PFOS og PFOA.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í þessu eftirlitsverkefni var eingöngu verið að mæla magn 22 PFAS efna í einni vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Gúmmíbátar & Gallar sf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri